

19. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Nítjándi fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn föstudaginn 28. desember 2012 kl. 13:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson, formaður, Sævar Skaptason, Anna G. Sverrisdóttir og Guðjón Bragason.

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sat fundinn Sveinn Rúnar Traustason.

Yfirferð umsókna

Haldið var áfram yfirferð umsókna vegna 2. úthlutunar. Sveinn gerði grein fyrir þeim viðbótar upplýsingum sem höfðu borist frá síðasta fundi. Hann gerði einnig grein fyrir að leyfi ríkisins sem landeigenda að Geysissvæðinu hefði enn ekki borist en væri vonandi á leiðinni. Beiðnin hafði farið á milli Umhverfisstofnunar og ýmissa ráðuneyta áður en niðurstaða kom um hver ætti að svara henni.

Stjórn sjóðsins bað Svein um að skrifa skýringartexta við þau verkefni sem sjóðurinn gerir tillögu um að styrkja og ganga frá tillögum á sambærilegan hátt og í fyrra þar sem styrkþegum var skipt eftir landssvæðum og flokkum.

Albína Thordarson formaður stjórnar óskaði eftir eftirfarandi bókun:

„Kristján Skarphéðinsson boðaði formann FF á fund í Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu 20. des. síðast liðinn. Þar voru auk þess mættir Magnús Jóhannesson og Hrafnhildur Þorvaldsdóttir frá Umhverfisráðuneyti, Helga Haraldsdóttir frá Atv. og nýsköpunarráðuneyti, Kristín Lind Árnadóttir frá Umhverfisstofnun og Þórður Ólafsson frá Vatnajökulspjóðgarði.

Fundarefni voru fjárveitingar sem verið var að samþykkja á Alþingi þennan dag, annars vegar 500 milljónir til FF og hins vegar 250 milljónir til innviða friðlýstra svæða. Rætt var um hvernig ætti að miðla verkefnum milli 500 og 250 milljóna fjárveitinga. Einnig var spurt um hvaða verkefni væru tilbúin til framkvæmda og voru þar helst nefndar framkvæmdir vestan Dettifoss á vegum Vatnajökulspjóðgarðs og gestastofa í Snæfellsjökulspjóðgarði á vegum Umhverfisstofnunar.

Ákveðið var að boða stjórn FF á fund um 15. janúar, þar sem forsvarsmenn UST, Vatnajökulspjóðgarðs og Þingvallabjóðgarðs munu kynna framkvæmdaverkefni sín“.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 8. janúar 2013

Fundi slitið 15:00

Reykjavík 28. Desember 2012 /Sveinn